



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

**Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áhrif af göngugötum á umferð og mannlíf (US200178).**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 27. maí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Það hefur verið mikil óánægja með hvernig meirihlutinn hefur gengið fram í að loka ákveðnum götum fyrir umferð í miðbænum. Nú er liðið á annað ár frá því að það kom í ljós að lokun umferðar hafði verulega slæm áhrif á verslun í miðbænum. Heimsóknum Íslendinga sem búa annars staðar í miðbænum hefur snarfækkað. Framkvæmdir og breytingar á aksturstefnu Laugavegar settu strik í reikninginn. Á meðan ferðamannastraumur var mikill þrífust barir, veitingastaðir og minjagripir vel en verslanir sem höfðu meira til landans fundu áþreifanlega fyrir vaxandi áhugaleysi á komum í miðbæinn. Einar þrjár kannanir hafa verið gerðar og allar sýna þær sama mynstur. Spurningar voru m.a. hvort viðkomandi var hlynntur göngugötum og hvort hann væri minna eða meira líklegur að heimsækja miðbæinn eftir að loka væri fyrir umferð. Niðurstöður eru skýrara. Fólki líkar ekki þessar breytingar. Í framhaldinu vill fulltrúi Flokks fólksins leggja fram fyrirspurnir:*

- 1. Hefur verið gerð rannsókn á því hvaða áhrif lokun Laugavegarins hefur á umferð um íbúagöturnar í kring, Grettisgötu, Njálsgötu og Bergþórugötu?*
- 2. Hefur umferð um þessar götur verið mæld?*
- 3. Liggja fyrir einhver töluleg gögn sem styðja þá fullyrðingu um að mannlíf og verslun aukist með fleiri göngugötum?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 10. júní sl.

Svar við fyrirspurn:

Í júlí var framkvæmd talning á bílaumferð á tvennum gatnamótum í nágrenni göngugatna í miðborg Reykjavíkur, annars vegar á gatnamótum Laugavegar og Frakkastígs og hins vegar á gatnamótum Grettisgötu og Vitastígs. Niðurstöður síðustu fjögurra talninga fyrir hvor gatnamót eru eftirfarandi:



Ártal	Laugavegur / Frakkastígur	Grettisgata / Vitastígur
2011	6.353 bílar	Ekki talið
2012	Ekki talið	1.808
2015	6.496	1.770
2019	3.166	2.029
2020	2.948	1.497

Samkvæmt talningunni hefur bílaumferð á gatnamótum Laugavegs og Frakkastígs minnkað um 54,6% milli 2015 - 2020 og bílaumferð á gatnamótum Grettisgötu og Vitastígs minnkað um 15,4% á sama tímabili. Ekki hafa verið framkvæmdar talningar á Bergþórugötu eða Njálsgötu.

Fjöldmargar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum göngugatna á verslun og þjónustu og fjöldmargar greinar verið birtar um sama málefni. Flestum rannsóknum ber saman um að hjólandi og gangandi vegfarendur eru mun líklegri en akandi vegfarendur, til að versla við þær götur sem þeir ferðast um.

Samkvæmt rannsókn *The Pedestrian Pound*, jókst verslun við þær götur sem unnið var að göngu- og hjólavæðingu um 30%.<sup>1</sup> Þá sýnir könnun sem gerð var fyrir *Transport for London* árið 2013, að mánaðarleg eyðsla þeirra sem hjóla og ganga að göngugötum, er 40% umfram eyðslu þeirra sem heimsækja göturnar á bíl.<sup>2</sup>

Vegfarendur sem hjóla eða ganga eru mun líklegri til að heimsækja götur, þar sem þeim er gefið nægt rými og bílar eru fjarri. Samkvæmt rannsókninni *Street appeal: The value of street improvements*, jók gönguvæðing gatna líkur á því að fólk staldraði við, hitti annað fólk og tyllti sér niður um 216%.<sup>3</sup> Þá töldu 83% rekstraraðila við gönguvædd svæði í London árið 2017, að bætt gönguumhverfi laðaði að sér fleiri kúnna.<sup>4</sup>

Hvað varðar frekari rannsóknir er bent á heimasíðu Transport for London, þar sem finna má upplýsingar og rannsóknir um efnahagslegan ávinning rekstraraðila í miðborgum af gangandi og hjólandi vegfarendum:

<https://tfl.gov.uk/corporate/publications-and-reports/economic-benefits-of-walking-and-cycling>

Jafnframt er bent á samantekt af reynslu í nokkrum borgum af rekstri og göngugötum, *The effect of pedestrianisation and bicycles on local business – Case studies for the Tallinn High Street Project* sem aðgengileg er hér:

<sup>1</sup> <https://www.livingstreets.org.uk/media/3890/pedestrian-pound-2018.pdf>

<sup>2</sup> <http://content.tfl.gov.uk/town-centres-report-13.pdf>

<sup>3</sup> <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0305900617300636>

<sup>4</sup> <http://content.tfl.gov.uk/healthy-streets-a-business-view.pdf>



<https://futureplaceleadership.com/wp-content/uploads/2017/05/Tallinn-High-Street-Case-studies-Future-Place-Leadership.pdf>

Rannsóknir benda til að bætt umhverfi, þar sem bílaumferð er beint af verslunarsvæðum, hafi jákvæð áhrif á alla upplifun vegfarenda, m.a. með betri loft- og hljóðgæðum. Þá er mikilvægt fyrir nútíma verslunarumhverfi að geta boðið upp á jákvæða upplifun og umhverfisgæði sem netverslanir geta síður boðið upp á.

Niðurstöður kannana benda enn fremur til þess að upplifun borgarbúa af göngugötum sé almennt jákvæð, sjá nánar:

<https://gongugotur.reykjavik.is/kannanir-2/>

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Talningar frá 2011 – 2020 (júlímánuður). Sólarhringsumferð á gatnamótum.



# Talningar frá 2011 - 2020 (júlímánuður) Sólarhringsumferð í gatnamótum



## Laugavegur/Frakkastígur

2011 = 6.353 bílar  
2015 = 6.496 bílar  
2019 = 3.166 bílar  
2020 = 2.948 bílar

## Grettisgata/Vitastígur

2012 = 1.808 bílar  
2015 = 1.770 bílar  
2019 = 2.029 bílar  
2020 = 1.497 bílar



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og samgöngusvið



Kvarði: 1:2.500  
0 15 30 60 90 120  
Meters